



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Sjálfsmats- skýrsla

Lilja Guðný Jóhannesdóttir
konrektor

msund@msund.is
www.msund.is

2022-2023





Efnisyfirlit

Inngangur	Bls. 1
Mat og eftirlit með gæðum	Bls. 2
Almenn staða úttekta, niðurstöður og eftirfylgni	Bls. 4
Endurgjöf frá nemendum og starfsfólki	Bls. 7
Árangurnemenda og kennslufræðileg áhersla, markmið og mælikvarðar	Bls. 16
Jafnlaunakerfi; markmið og mælikvarðar	Bls. 21
Rekstur, húsnæði og skipulag; markmið og mælikvarðar	Bls. 34
Rýni stjórnenda og aðgerðir	Bls. 36
Staða forvarna og úrbóta	Bls. 41
Breytingar í rekstri MS sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið	Bls. 42
Tillögur um umbætur og auðlindir	Bls. 44
Aðgerðalisti	Bls. 45
Matsáætlun 2023 - 2024	Bls. 49
Niðurlag	Bls. 51

Inngangur

Menntaskólinn við Sund var stofnsettur árið 1969, þá sem Menntaskólinn við Tjörnina. Á árunum 1974 - 1976 fluttist skólinn í núverandi húsnæði sitt við Gnoðarvog. Hann var þó kenndur við Tjörnina allt til ársins 1977 en þá gaf Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamála-ráðherra, honum heitið Menntaskólinn við Sund.



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Vorið 2023 voru 50 ár frá fyrstu brautskráningu úr skólanum og hafa nú brautskráðst þaðan 8.239 stúdentar.



Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli og býður upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs og á starfsbraut þar sem skólaárinu er skipt upp í þrjár jafnlangar annir.

Nemendur skólans eru um 710 talsins og heildarfjöldi starfsmanna ríflega 70.

Boðið er upp á nám á tveimur stúdentsbrautum, náttúrufræðibraut og félagsfræðabraut og skiptast brautirnar í tvær línur. Náttúrufræðabraut skiptist í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu. Félagsfræðabraut skiptist í hagfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræði- og sögulínu.

Starfsbraut var stofnuð við skólann haustið 2022.

VIRÐING - JAFNRÉTTI - ÁBYRGÐ - HEIÐARLEIKI

Mat og eftirlit með gæðum

SJÁLFSMATSSKÝRSLA MS 2022-2023

Menntaskólinn við Sund starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og er þar kveðið á um hvernig mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi.

Skal hver framhaldsskóli meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti í samræmi við markmiðin sem birtast hér fyrir neðan og skal það gert með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Upplýsingar um mat á árangri og gæðum skal framhaldsskóli birta opinberlega sem og tengsl þeirra við skólanámskrá og áætlanir um úrbætur.

Markmið

1

Að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda.

2

Að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla.

3

Að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.

4

Að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.



Innra mat í MS

Umtalsverðar breytingar urðu á innra mati í MS á skólaárinu en við upphaf þess var stofnað gæðaráð sem tók við hlutverki sjálfsmatsnefndar skólans. Umfang gæðamats hefur aukist umtalsvert með innleiðingu jafnlaunakerfis og einnig er unnið að innleiðingu gæðakerfis og skrásetningu verkferla af ýmsum toga. Er þessi vinna á höndum gæðaráðs undir stjórn gæðastjóra og fundar gæðaráð vikulega á starfstíma skólans.

Gæðaráð vinnur m.a. í samræmi við matsáætlanir sem lagðar eru fram fyrir hvert skólaár:

- GÁT-017 Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir
- GÁT-018 Áætlun um innri úttektir

Innri úttektir eru komnar í mjög góðan farveg en nokkrir starfsmenn hafa sótt námskeið í framkvæmd innri úttekta. Á skólaárinu 2022 - 2023 sinntu eftirfarandi starfsmenn innri úttektum:

- Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, Hildur Halla Gyolfadóttir og Dögg Árnadóttir

Hér á eftir má lesa nánar um innra mat MS á skólaárinu en sjálfsmatsskýrsla skólans byggir á skýrslu sem rituð er í kjölfar árlegs rýnifundar stjórnenda.

GÆÐARÁÐ MS 2022-2023

- Helga Sigríður Þórsdóttir, rektor
- Lilja Jóhannesdóttir, konrektor
 - *Gegnir starfi gæðastjóra*
- Ágúst Ásgeirsson, námsbrauta- og námskrárstjóri
- Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, kennslustjóri
- Dögg Árnadóttir, skrifstofu- og skjalastjóri
- Vignir Andri Guðmundsson, kennari



Almenn staða úttekta, niðurstöður og eftirfylgni

Jafnlaunakerfi skólans er tekið út í innri úttektum og í sífelld auknum mæli einnig hlítu við aðrar ytri kröfur og verklagsreglur um eigin kröfur.

Innri úttektir

Ferlið við innri úttektir er unnið eftir sérstakri úttektaráætlun sem er gerð fyrir hvert skólaár. Í grunninn byggir áætlunin á Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir (**GÁT-017**) sem svo er útfært nánar í Áætlun um innri úttektir (**GÁT-018**). Á skólaárinu 2022 – 2023 fór fram innri úttekt á öllum kröfum jafnlaunastaðals sem útfærðar eru í jafnlaunakerfi skólans. Þar sem jafnlaunakerfið er í sínum fyrsta „hring“ kom talsvert af athugasemdum í innri úttektum sem brugðist var við og hefur því farið fram mjög góð samlögun verklags skólans og kerfisins á árinu.

Umbætur sem innri úttektir kölluðu á:

- Slípa þurfti til orðalag á ýmsum stöðum í kerfinu og kljúfa ábyrgð og verkefni konrektors og gæðastjóra. Einnig þarf að breyta stýrihópi jafnlaunakerfis yfir í gæðaráð í kerfinu.
- Endurrita þurfti verklagsreglur um skjala- og skráarstýringar, kljúfa þær og laga betur að verklagi skólans.
- Umtalsverð breyting hefur orðið á verklagi varðandi frábrigði, ábendingar, kvartanir og umbætur frá því sem upphaflega var ritað í Rekstrarhandbók. Því hefur þurft að endurrita mörg skjöl og skrifa inn lýsingar á notkun á Planner (verkefnisstjórnunarforrit) í stað gátlista.
- Skerpa þurfti á verklagi varðandi verkefnalista stjórnenda. Hann er ekki skráður í GÁT-016 (skjalið úreld) heldur skráður beint í rýni stjórnenda og einnig í Planner þar sem ábyrgðaraðili er skráður og tímamörk sett. Bætir þetta til muna eftirfylgni með stöðu verkefna og yfirsýn. Samhliða þurfti að breyta lýsingum verklags í viðeigandi skjölum.

- Rýna þarf ábyrgðarpátt fjármálastjóra gagnvart úttektarviðmiði 4.3.2, hugsanlega þarf að endurskoða orðalag ef það lýsir ekki nógu vel raunverulegu verkferli.
- Skerpa þarf á verklagi í tengslum við starfsmannasamtöl og móttöku nýrra starfsmanna og bæta með því skráningar í hæfnimatrixur og endurmenntunarskjal með það að markmiði að nýta sem best hæfni mannauðs og efla sí- og endurmenntun.
- Vinna þarf leiðbeiningar með skjalavistunarkerfi og er sú vinna hafin hjá skjalastjóra. Þær leiðbeiningar verða í kjölfarið hluti af Rekstrarhandbók (LSM-skjal). Einnig þarf að finna málalykli skólans stað í Rekstrahandbók (LSM-skjal).

Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð gæðastjóra og er framkvæmt skv. **VKL-401 Innri úttektir**. Úrvinnsla þeirra athugasemda sem fram komu í innri úttektum á vorönn 2022, haustönn 2022 og vetrarönn 2022-2023 hafa fengið umfjöllun í gæðaráði og búið að ljúka þeim (sjá Planner). Athugasemdir úr innri úttektum vorannar 2023 eru komnar á dagskrá í Planner og búið að tilnefna tímamörk og ábyrgðaraðila. Athugasemdir sem komu fram í vottunarúttekt í júní 2022 voru til umfjöllunar í gæðaráði, tímamörk sett og ábyrgðaraðilar. Búið er að bregðast við þeim öllum nema einni, þ.e. út af stendur að setja persónubunda þætti inn í launagreiningu í Emblu en það verkefni strandar á endurskoðun stofnanasamnings við Sameyki.

Mat á hlítingu við lagalegar kröfur

Mat á hlítingu við lagalegar kröfur, reglur og samninga sem tengjast jafnlaunakerfi Menntaskólans við Sund fór fram í annað sinn skv. VKL-404 Mat á hlítingu þann 8. júní 2023. Áður en matið fór fram var skjalastjóri búinn að fara yfir og uppfæra eftir þörfum STS-008 Lög, reglur og aðrar kröfur en þar er búið að taka saman yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar kröfur sem taka til jafnlaunastaðals. Fund um mat á hlítingu sátu Helga Sigríður Þórsdóttir rektor, Lilja Jóhannesdóttir konrektor og Dögg Árnadóttir skrifstofu- og skjalastjóri. Ekki komu fram frávik við matið en við útfyllingu gátlista (GÁT-026 Mat á hlítingu við lagalegar kröfur og aðrar kröfur) kom fram ein tillaga til umbóta:

- Ljúka þarf ritun starfsmannastefnu
 - Umbótataækifæri er einnig fólgið í að flétta lög nr. 77/2022 um sorgarleyfi inn í stefnuna.

Ofangreint umbótataækifæri er komið inn í verkefnisstjórnunarforrit og er búið að skrá ábyrgðaraðila og tímamörk.



Aðrar ábendingar, kvartanir og frábirgði

Ábendingar og umbótatækifæri hafa borist eftir ýmsum leiðum, s.s. í samtölum stjórnenda og/eða samtölum stjórnenda við starfsfólk en einnig í gegnum ábendingarhnapp á heimasíðu. Engar ábendingar hafa þó borist í gegnum ábendingarhnapp sem tengjast jafnlaunakerfi skólans. Ábendingar annars eðlis sem borist hafa, hafa enn sem komið er ekki verið skráðar í Planner og er mikilvægt að slík skráning hefjist á komandi skólaári. Frábirgði sem og ábendingar og kvartanir sem borist hafa frá starfsfólki varðandi launatengd málefni eru skráð í Planner undir „Launatengdar athugasemdir, kvartanir og ábendingar“ og hafa allar hlotið úrvinnslu. Hafa málin verið af eftirfarandi toga:

- Óútskýrður launamunur í launagreiningu. Var starfaflokkun yfirfarin og mat viðkomandi starfa hækkað.
- Athugasemdir starfsfólks við launaröðun. Brugðist hefur verið við öllum athugasemdum og launröðun leiðrétt afturvirkir hafi athugasemd reynst réttmæt m.v. samninga.

Endurgjöf frá nemendum og starfsfólki

Í MS er unnið markvisst að því að bæta gæði skólastarfsins og er starfið metið með hliðsjón af gæðamarkmiðum og mælikvörðum Rekstrarhandókar skólans sem heldur utan um gæða- og jafnlaunakerfi hans. Til að meta árangur er m.a. rýnt í niðurstöður úr kennslumati, þjónustukönnunum, starfsmannasamtölum og starfsmannakönnun. Hér á eftir má sjá niðurstöður úr endurgjöf frá nemendum og starfsfólki fyrir skólaárið 2022-2023.

Ánægja nemenda með kennslu og aðra þjónustu

Kennslumat

Á hverri önn er framkvæmt kennslumat í samræmi við **VKL-405 Kennslukönnun**.

Kennslumatið veitir kennurum endurgjöf á störf sín og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós afstöðu sína til kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara. Kennslumatið er framkvæmt í gegnum kannakerfi INNU. Niðurstöður kennslumats eru kynntar kennurum og rektor að kennslumati loknu og eftir því sem við á ræddar í starfsmannasamtölum sem fara fram samhliða. Einnig eru niðurstöður skólans í heild kynntar fyrir gæðaráði, fagstjórum og starfsfólki.

Framkvæmd kennslumats fór í gegnum gagngera endurskoðun á seinni hluta skólaársins 2021 - 2022 vegna dræmrar þátttöku nemenda en fram að þeim tíma hafði kennslumat verið lagt fyrir í öllum áföngum hjá öllum kennurum. Svarhlutfall var mjög dræmt þrátt fyrir mikla eftirfylgni og því var ákveðið að endurskoða fyrirkomulagið. Miðað er við að ná a.m.k. 60% svarhlutfalli hjá hverjum kennara til að niðurstöður teljist marktækar en stefnan er engu að síður sett á 80%+ svarhlutfall. Með breyttu fyrirkomulagi þar sem aðeins um þriðjungur kenndra áfanga var til mats hverju sinni tókst að bæta svarhlutfall umtalsvert.

Samkvæmt **VKL-405** skal hver kennari fara í kennslumat á 12 mánaða fresti (framkvæmdin er útfærð í **GÁT-017 Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir**). Hver nemandi tók þátt í kennslumati í u.þ.b. þremur áföngum á önn (í stað fimm til sex áfanga eins og áður var) og var svarhlutfall vel ásættanlegt.

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í MS er mælt í kennslumatinu en það felst í því að nemandur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum. Mælikvarðarnir eru tveir:


- Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „Á heildina litið er ég ánægð/ur með kennsluna í áfangunum“ sem fram kemur í kennslumati sem lagt er fyrir á hverri önn.
- Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „Aðstaða til náms og kennslubúnaðar (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er fullnægjandi“ sem fram kemur í kennslumati sem lagt er fyrir á hverri önn.

Í *Töflu 1* má sjá svarhlutfall í kennslumati á öllum önnum skólaársins 2022 - 2023.

Haustönn 2022	Vetrarönn 2022 - 2023	Vorönn 2023
Svarhlutfall – meðaltal skólans 83,6%	Svarhlutfall – meðaltal skólans 64,8%	Svarhlutfall – meðaltal skólans 78%
Tímabil fyriragnar 22.10.22 – 30.10.22	Tímabil fyriragnar 27.01.23 – 06.02.23	Tímabil fyriragnar 04.05.23 – 16.05.23


Tafla 1: Svarhlutfall í kennslukönnunum og tímabil fyriragnar

Eingöngu eru skoðaðar niðurstöður frá vorönn 2022 þar sem niðurstöður fyrri anna skólaársins eru ekki marktækar. Eins og sjá má á *Mynd 1* þá náðist ekki gæðamarkmið skólans um ánægju nemenda með nám og kennslu í skólanum.



Mynd 1: Niðurstöður kennslukannana 2022 - 2023 - Ánægja með kennslu: 68,7%

Mynd 2 sýnir ánægju nemenda með aðstöðu til náms og kennslubúnað og þar náði skólinn ekki markmiði sínu en stefnt er á að a.m.k. 80% nemenda séu ánægðir með aðstöðuna.



Mynd 2: Niðurstöður kennslukannana 2022 - 2023 - Ánægja með aðbúnað: 74%

Skólinn hefur tekist á við miklar áskoranir hvað húsnæðismál varðar á skólaárinu en úttektir húsnæðisins hafa sýnt fram á rakaskemmdir og myglu á ákveðnum svæðum. Er viðbúið að þessi staða hafi áhrif á afstöðu nemenda til þess hvort aðstaða sé fullnægjandi en á vorönn 2022 mældist ánægja nemenda talsvert meiri eða 81%.

Rýnihópar nemenda

Rýnihópaviðtal með nemendum fór fram 02.03.2023. Fulltrúar úr gæðaráði, þau Hjördís Alda kennslustjóri og Vignir Andri kennari stýrðu umræðum. Var sjónum sérstaklega beint að þáttum sem vísbendingar voru um að mætti bæta skv. niðurstöðum úr Framhaldsskólalápinum á vorönn 2022.

Helstu niðurstöður úr rýnihópaviðtali voru eftirfarandi: Upplifun nemenda af stuðningi kennara var ræddur og þá m.a. hvað nemendur teldu felast í stuðningi kennara. Kom skýrt fram að nemendur telja afar mikilvægt að kennarar hlusti og taki tillit til aðstæðna þeirra sem geti verið af ýmsum toga, s.s. ef nemendur verða fyrir áfalli eða missi.

Rætt var um kröfur um virka þátttöku nemenda í tímum og hvað þeir teldu vera virka þátttöku. Töldu nemendurnir þessar kröfur misjafnar eftir kennurum. Kom fram að þeir teldu mikilvægt að kennarar væru meðvitaðir um að nemendur hafi ólíka styrk- og veikleika. Sumir nemendur hafi langt úthald en aðrir styttra og þurfi hlé í löngum lotum. Einnig voru gerðar athugasemdir við áhrif veikinda á einkunnir, bæði hrpaði raunmætingareinkunn og



virknieinkunn þegar nemendur veiktust í þeim tilvikum sem kennarar veittu ekki svigrúm til vinnu að heiman.

Endurgjöf töldu nemendur vera misjafnlega mikla en voru á þeirri skoðun að mikilvægt væri að endurgjöf væri vel upplýsandi og jafnvel munnleg.

Námsálag töldu nemendurnir almennt vera hæfilegt en þó væri of mikið álag undir lok anna þar sem væru jafnvel stöðug próf samhliða fullri tímasókn. Námsandinn var að þeirra mati með ýmsum hætti og breytilegur milli nemenda. Sögðu þeir áhuga kennara hafa mikil áhrif á námsandann, áhugasamur kennari hrifi nemendur með sér.

Loks var rætt um félagslífið og kom skýrt fram að nemendur töldu mikilvægt að auka aðgengi allra nemenda að félagslífinu.

Ánægja nemenda með kennslu og þjónustu - árangur m.v. mælikvarða

Heildaryfirlit yfir ánægju nemenda með kennslu og aðra þjónustu sem veitt er í skólanum má sjá í Töflu 2.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðra þjónustu sem veitt er í skólanum	<p>Áhersla lögð á</p> <ul style="list-style-type: none"> eflingu námskrafts og leiðsagnar-náms öfluga nemenda-þjónustu auk hvatningar og eftirfylgni 	Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „Á heildina lítið er ég ánægð/t/ur með kennsluna í áfanganum“ sem fram kemur í kennslumati sem lagt er fyrir á hverri önn	68,7% nemenda sammála fullyrðingunni	Kennslukönnun fór fram á öllum önnum og heildar-niðurstaða reiknuð í maí 2023
		Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „Aðstaða til náms og kennslubúnaðar (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er fullnægjandi“ sem fram kemur í kennslumati sem lagt er fyrir á hverri önn	74% nemenda sammála fullyrðingunni	
		Að þjónustukannanir og rýnihópasamtöl sýni ánægju nemenda	Þjónustukönnun fór ekki fram á skólaárinu. Rýnihópasamtal fór fram sem sýndi almenna ánægju en einnig tækifæri til umbóta: <ul style="list-style-type: none"> Auka tillit væri tekið til aðstæðna nemenda Bæta endurgjöf, m.a. munnlega Draga úr prófaálagi við loka ána Bæta aðgengi allra að félagslífi 	

Tafla 2: Markmið um ánægju nemenda með kennslu og aðra þjónustu – staða gagnvart mælikvörðum

Framhaldsskólapúlsinn

Framhaldsskólapúlsinn er könnun fyrir framhaldsskóla þar sem sjónum er beint að námsumhverfi, virkni í námi og líðan nemenda. Könnunin er lögð árlega fyrir úrtak nemenda og hefur m.a. þann kost að gefa niðurstöður í samanburði við aðra framhaldsskóla. Árangur gagnvart einu gæðamarkmiði skólans er metinn í gegnum Framhaldsskólupúlsinn og snýr það að líðan nemenda og námsáhuga. Í ár var könnunin lögð fyrir í maí og var svarhlutfall nemenda 74,5%.

Líðan og námsáhugi nemenda – árangur m.v. mælikvarða

Í *Töflu 3* má sjá niðurstöður úr Framhaldsskólupúlsinum og hver árangur skólans er miðað við mælikvarða.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að nemendum líði vel og hafi áhuga á náminu.	Áhersla lögð á: eflingu námskrafts og leiðsagnarnáms. öfluga nemendapjónustu auk hvatningar og eftirfylgni með mætingu.	Að námsáhugi nemenda MS mælist jafn mikill eða meiri en meðaltal annarra framhaldsskóla samkvæmt niðurstöðum skólans úr könnuninni Framhaldsskólupúlsinn*.	MS: 5,0 Viðmið: 5,4 Mismunur: -0,4	Maí 2023
	góða aðstöðu í kennslustofum. góða þjónustu við nemendur. öflugan stuðning við félagslíf nemenda. gott samstarf skólans við foreldraráð.	Að vellíðan nemenda MS mælist jafn mikil eða meiri en meðaltal annarra framhaldsskóla samkvæmt niðurstöðum skólans úr könnuninni Framhaldsskólupúlsinn.	MS: 5,1 Viðmið: 4,8 Mismunur: +0,3	Maí 2023

Tafla 3: Niðurstöður úr Framhaldsskólupúlsinum – staða gagnvart mælikvörðum

* Niðurstöður þeirra matsþátta Framhaldsskólupúlsins sem nýttar eru við samanburð á niðurstöðum MS miðað við gæðamælikvarða eru settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalnir (e. stanines). Staðalnir eru með staðalfrávikid 2. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Starfsmannasamtöl

Áfram var unnið að eflingu starfsmannasamtala sem höfðu verið stopul í skólanum fram til ársins 2022. Skráð var og innleitt verklag (VKL-204 Frammistaða, hæfni og þjálfun) á skólaárinu 2021 - 2022 og á skólaárinu 2022 – 2023 tókst að ná því markmiði að bjóða öllu starfsfólki skólans fyrir utan stjórnendur í samtöl. Starfsfólki er skipt upp í fjóra hópa í starfsmannasamtölum innan skólaársins eftir brautum og deildum til að dreifa álagi jafnt yfir árið (sjá skipingu í GÁT-017 Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir (2023-2024)). Hjá kennurum helst tímasetning starfsmannasamtals í hendur við þátttöku í kennslumati sem fer fram einu sinni á ári hjá hverjum kennara. Gafst fyrirkomulagið vel við fyrstu keyrslu á vorönn 2022 og var svo áfram á skólaárinu 2022 – 2023. Starfsfólk er jákvætt gagnvart skipulagningu samtalanna og einnig hefur breytingin á kennslumati gefist vel en þessir tveir þættir haldast í hendur. Markmið með fyrirkomulaginu er að:

- Ná góðu svarhlutfalli í kennslumati
- Bjóða starfsfólki reglulega og markvissa endurgjöf með starfsmannasamtölum

Starfsmannakönnun

Á undanförunum árum hefur verið gerð starfsmannakönnun innanhúss í skólanum. Við mótun markmiða og mælikvarða (sbr. **STS-002 Gildi, stefna, markmið og mælikvarðar**) var ákveðið fara þá leið að nýta Stofnun ársins sem starfsmannakönnun enda gefur hún samanburð við aðra framhaldsskóla auk þess að vera framkvæmd af fagaðilum. Til þess að þetta væri gerlegt þurfti að bæta þátttöku innan skólans í könnuninni og tókst það en engu að síður er ljóst að gera þarf enn betur á komandi árum og ná hærra svarhlutfalli. Stofnun ársins er framkvæmd af Gallup árlega og er Fjármála- og efnahagsráðuneytið ábyrgðaraðili könnunarinnar gagnvart starfsmönnum ríksins. Tilgangur könnunarinnar er að veita upplýsingar um hvað vel er gert og hvað megi bæta út frá sjónarhóli starfsfólks og þannig gera stjórendum kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi stofnunarinnar.


Í sjálfsmatsnefnd skólans var árið 2021 – 2022 tekin ákvörðun um að samhliða yrði gerð könnun innanhúss þegar og ef sérstök ástæða væri til, s.s. ef meta þyrfti breytingar, aðstæður eða þróun sem eingöngu tengjast MS. Ekki var framkvæmd slík könnun í vetur en hins vegar var farið í SVÓT greiningu í rýnihópum starfsfólks á niðurstöðum úr Stofnun ársins til að fá gleggri mynd af upplifun starfsfólks.

Var könnunin *Stofnun ársins* lögð rafrænt fyrir starfsfólk MS á tímabilinu nóvember – desember 2022. Svarhlutfall hjá starfsfólki var 68% (60% árið 2021), fjöldi svarenda 43 af 72 útsendum listum. Mikilvægt er að bæta þátttöku í könnuninni svo hún gefi sem réttasta mynd.

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í MS er mælt í *Stofnun ársins*, en það er að starfsfólki njóti starfsánægju. Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:

- Svörun við spurningunni „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ samkvæmt könnuninni *Stofnun ársins* ár hvert.
- Ánægja með vinnuskilyrði í MS samkvæmt könnuninni *Stofnun ársins* ár hvert.

Markmiðið er að MS mælist jafnt eða hærra öðrum framhalds- og háskólum á báðum þessum mælikvörðum. Eins og sjá má á *Mynd 3*, *Mynd 4* og *Töflu 1* náðust markmið fyrir hvorugan þennan mælikvarða á skólaárinu og því mikilvægt að áfram verði unnið að eflingu starfsánægju.



Mynd 3: Svörun við spurningunni „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.“



Mynd 4: Ánægja með vinnuskilyrði í MS – samantekt nokkurra spurninga.

Starfsánægja – árangur m.v. mælikvarða

Í Töflu 4 má sjá niðurstöður úr Stofnun ársins og hver árangur skólans er miðað við mælikvarða.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að starfsfólk njóti starfsánægju.	Starfsmannasamtöl (VKL-202 Frammistaða, hæfni og þjálfun) og eftirfylgni þeirra. Fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar. Betri vinnutími í samræmi við kjarasamninga. Leitast er við að verða við óskum í töflugerð. Úrvinnsla úr niðurstöðum úr Stofnun ársins, leitað tækifæra til umbóta.	Að svörun við spurningunni „ Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu “ í MS sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert.	Stofnun ársins 2022: MS: 4,18 Aðrir framh.- og hásk.: 4,44	Nóv. - des. 2022
		Að ánægja með vinnuskilyrði í MS sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert.	Stofnun ársins 2022: MS: 3,6 Aðrir framh.- og hásk.: 4,06	Nóv. - des. 2022

Tafla 4: Markmið um starfsánægju - staða gagnvart mælikvörðum.



Árangur nemenda og kennslufræðileg áhersla; markmið og mælikvarðar

Á skólaárinu voru skilgreind markmið og mælikvarðar sem snúa að árangri nemenda og kennslufræðilegri áherslu skólans.

Árangur nemenda

Árangur nemenda er skoðaður út frá ýmsum þáttum, s.s. námsárangri, skólasókn, námstíma og brottfalli.

Meðaleinkunn

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér það markmið að meðaleinkunn nemenda á hverri námsönn sé 6,5 eða hærrí. Þegar árangur nemenda á skólaárinu 2022 – 2023 er skoðaður má sjá að það markmið náðist á öllum önnum. Meðaleinkunn á haustönn 2022 var 6,75. Á vetrarönn 2022-2023 var meðaleinkunnin 6,67 og á vorönn 6,65.

Brotthvarf

Samkvæmt brottfallsskýrslu sem unnin er í október ár hvert út frá gögnum frá 1. október árið á undan til 1. október yfirstandandi árs, var brottfall úr MS 1,4% í október 2022.

Frá 1. október 2022 hafa 43 nemendur skráð sig úr námi við skólann. Flestir sögðust vera á leið í annað nám. Þegar staðan er tekin í Innu 15. júní 2023 eru 37 þessara nemenda í öðru námi. Einhverjir hafa farið annað í nám frá því þeir hættu í MS en hafa nú hætt því.

Næst verður brottfallsskýrsla unnin í október 2023 og verður þá haft samband við þá nemendur sem hafa hætt námi síðan 1. október 2022.

Námsárangur

Hvað námsárangur varðar hefur Menntaskólinn við Sund sett sér það markmið að hlutfall nemenda sem ekki nær lágmarksárangri í áfanga (undir 5 í einkunn) sé 10% eða lægra. Á skólaárinu 2022 – 2023 náðist markmiðið á öllum önnum. Á haustönn 2022 voru 290 af 3706 einkunnum undir 5, alls 7,8%. Á vetrarönn voru 245 einkunnir af 3693 undir 5 eða alls 6,6%. Á vorönn voru 247 einkunnir af 3521 undir 5 eða alls 7%. Yfir skólaárið eru þetta 782 einkunnir af 10920, alls 7,2% og því náði skólinn markmiðum sínum.

Raunmæting

Á skólaárinu 2022 – 2023 var raunmæting nokkuð jöfn á milli anna. Haustönn var 83,5%, vetrarönn 81% og vorönn 80,8%. Í heildina var meðalraunmæting skólaársins 81,8% og náði skólinn því markmiðum um 80% raunmætingarhlutfall.

Námstími

Af þeim 234 nýnemum sem hófu nám haustið 2020 (árg. 2004) hafa 167 verið brautskráðir innan þriggja ára frá MS, eða 71%. Gögn úr Innu sýna að 16 til viðbótar hafa útskrifast frá öðrum skólum innan þriggja ára og hafa því alls 78% nýnema sem hófu nám við MS haustið 2020 útskrifast innan þriggja ára. Nær skólinn þar markmiðum sínum um að 75% nemenda sem hefja nám strax að loknum grunnskóla útskrifist innan þriggja ára.

Af þeim 44 sem enn eru skráðir í MS hafa 22 lokið 135 einingum eða meira og munu líklega ljúka stúdentsprófi á næstu önnum.

Af þeim 234 nýnemum sem hófu nám haustið 2019 (árg. 2003) hafa brautskráningar verið með eftirfarandi hætti:

- | | |
|---|-----------|
| • Brautskráning innan þriggja ára | 150 (64%) |
| • Brautskráning á þremur árum + einni önn | 5 (2,1%) |
| • Brautskráning á þremur árum + tveimur önnum | 7 (2,9%) |
| • Brautskráning á fjórum árum | 5 (2,1%) |

Alls eru því 167 þeirra nemenda sem innrituðust haustið 2019 brautskráðir að fjórum árum liðnum frá MS eða 71%. Að auki eru 31 nemandi sem hóf nám haustið 2019 útskrifaður frá öðrum skóla innan fjögurra ára, alls 198 nemendur eða 85%. Skólinn nær því ekki markmiðum sínum að 90% útskrifist innan fjögurra ára en 2019 árgangurinn varð fyrir áhrifum samkomutakmarkana vegna Covid frá fyrsta námsári sem hefur eflaust áhrif á námsárangur. Þess má geta að 5 nemendur úr 2003 árgangi munu að öllum líkindum útskrifast frá MS eftir eina önn í viðbót.

Starfspróun

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná markmiði sínu er áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og fjölbreytt starfspróunartækifæri fyrir starfsmenn skólans.

Á skólaárinu 2022 – 2023 sóttu 13 starfsmenn námsferðir erlendis auk fjölda starfsfólks sem tók þátt í skólaheimsókn og ráðstefnu á Ítalíu í október. Einnig tóku 18 starfsmenn þátt í WES ráðstefnunni (rafræn ráðstefna – World Education Summit) með formlegum hætti auk starfsfólks sem fylgdist með tilfallandi fyrirlestrum í hópáhorfi.

Eitt af flaggskipum Menntaskólans við Sund hefur til fjölda ára verið virkni kennara í starfendarannsóknunum. Á hverju ári er virkur hópur kennara og stjórnenda sem tekur þátt í starfi starfendarannsóknahópsins og á skóla-

árinu voru virkir þátttakendur að jafnaði 13 talsins. Hópurinn hittist fimm sinnum á skólaárinu auk þess að taka þátt í Menntabúðum með starfshópi um innleiðingu leiðsagnarnáms. Einnig var ráðstefna um starfendarannsóknir haldin innan MS í maímánuði í samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands og skólaþróunarfélög. Ytri ráðgjafi hópsins var Guðrún Ragnarsdóttir, dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Á árinu var í fyrsta sinn ráðinn verkefnastjóri um innleiðingu leiðsagnarnáms og undir hans handleiðslu starfaði 17 manna hópur kennara að innleiðingu leiðsagnarnáms í kennslu sinni. Gestafyrirlesari var fenginn á einn fund til að fræða hópinn og var öllum kennurum skólans boðið á þann fund. Einnig leiddu leiðsagnarnáms- og starfendarannsóknahóparnir saman hesta sína við nokkur tilefni og er ljóst að sterk tenging þarna á milli er æskileg til að stuðla að sem bestum árangri við innleiðingu leiðsagnarnámsins.

Innan skólans voru haldnar tvær menntabúðir á árinu þar sem allir kennarar mæta og flestir aðrir starfsmenn. Á öðrum menntabúðunum slógust kollegar úr Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ í hópinn.

Markmið menntabúða er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í skólastarfi. Einnig var markviss fræðsla um gervigreind með „hámhorfi“ og samtölum og svokallaður „dótadagur“ var haldinn fyrir starfsfólk sem sýnt hefur áhuga á aukinni notkun tækni í skólastofunni.



Árangur nemenda og kennslufræðileg áhersla

Staða gagnvart mælikvörðum

Í Töflu 5 hér á eftir má sjá heildaryfirlit yfir árangur nemenda og stöðu kennslufræðilegra áherslna og markmiða Menntaskólans við Sund gagnvart mælikvörðum.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Kennarar tileinkí sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og starfsfólk leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt.	Áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og/eða fjölbreytt starfsþróunartækifæri starfsmanna.	Fjöldi kennara og annarra starfsmanna sem sækir endurmenntun í gegnum erlent samstarf (Erasmus+, SEF, Nordplus o.fl.). Fjöldi menntabúða innan skólans. Námskeið og gestafyrirlestrar innan skólans. Þátttakaka í starfendarrannsóknahópi MS.	Valkvæðir þættir – fjöldi þátttakenda: Námsf. erlendis – 13 Skyndihjálpi – 22 Gervigreind – 14 WES – 17 Utís 2022 – 9 Skylduþátttaka allra kennara – fjöldi viðburða: Menntabúðir MS x 2 Fræðsla um fars.lög x 1 Gestafyrirlestur x 1 Innu námskeið x 1 Starfsþróunarahópur MS Fjöldi þátttakenda: 13	13.06.23
Leiðsagnarnám verði leiðandi þáttur í kennslu og námsmati.	Bæta umgjörð um eflingu leiðsagnarnáms hjá kennurum: * Verkefnisstjórn * Verkefnishópur	Að 8 kennarar taki þátt í verkefnishóp og verkefnisstjóri sé starfandi. Að vinna verkefnishóps flæði út í skólann í gegnum menntabúðir.	17 kennarar tóku þátt í verkefnishópi á skólaárinu og verkefnastjóri var starfandi og markmiðum miðlað í menntabúðum.	13.06.23

Nemendur náí sem bestum árangri í námi sínu og efli námskraft sinn.	Áhersla á eflingu námskrafts og leiðsagnar-náms, öflug nemenda-þjónusta auk hvatningar og eftirfylgni með mætingu.	Meðaleinkunn nemenda sé 6,5 eða hærrí.	Haustönn 6,75 Vetrarönn 6,67 Vorönn 6,65 Meðaltal: 6,69	14.06.23
		Hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarksárangri í áfanga (undir 5 í einkunn) sé 10% eða lægra.	Haustönn 7,8% Vetrarönn 6,6% Vorönn 7% Meðaltal: 7,13%	14.06.23
		Raunmætingar-hlutfall nemenda sé 80% eða hærra.	Haustönn 83,5% Vetrarönn 81% Vorönn 80,8% Meðaltal: 81,8%	14.06.23
		Brottfall nemenda sé 1% eða lægra.	1,4% skv. brottfallsskýrslu okt. 2022 (skýrsla unnin í október hvert ár).	14.06.23
		Að 75% nemenda sem hefja nám í MS strax að loknum grunnskóla brautskráist innan þriggja ára.	71% þeirra 234 nýnema sem hófu nám haustið 2020 eru brautskráðir frá MS (innan þriggja ára). 16 til viðbótar hafa útskrifast frá öðrum skólum og því 78% nýnema haustið 2020 sem hafa útskrifast innan þriggja ára.	14.06.23
		Að 90% nemenda sem hefja nám í MS strax að loknum grunnskóla brautskráist innan fjögurra ára.	65% þeirra 234 nýnema sem hófu nám haustið 2019 eru brautskráðir frá MS (innan fjögurra ára). Af þessum 234 nemendum hafa 31 útskrifast frá öðrum skólum og brautskráningarhlutfall þeirra sem hófu nám í MS haustið 2019 á fjórum árum því 78%. Margir aðrir hafa farið í annað nám skv. skýrslum um brottfall sem gerðar eru á hverju hausti (tilfærsla).	14.06.23

Tafla 5: Markmið tengd árangri nemenda og kennslufræðilegri áherslu – staða gagnvart mælikvörðum.

Jafnlaunakerfi; markmið og mælikvarðar


Samhliða ritun jafnlaunakerfis á skólaárinu 2021 – 2022 hefur Menntaskólinn við Sund sett sér markmið varðandi jafnrétti, launaákvörðanir og upplýsingar um kerfið sjálft. Aðgerðir hafa verið skilgreindar sem og mælikvarðar til að meta hvort markmiðum sé náð.

Markmið og mælikvarðar

Samhliða ritun jafnlaunakerfis á skólaárinu 2021 – 2022 hefur Menntaskólinn við Sund sett sér markmið varðandi jafnrétti, launaákvörðanir og upplýsingar um kerfið sjálft. Aðgerðir hafa verið skilgreindar sem og mælikvarðar til að meta hvort markmiðum sé náð.

Eitt markmiðanna hljóðar svo: „Að jafnrétti sé leiðarljós í starfi skólans.“ Er unnið að þessu markmiði með því að uppfæra reglulega og fylgja jafnréttis- og mannréttindastefnu skólans og með því að vinna að jöfnu hlutfalli kynja í stjórnunarstöðum.

Einn mælikvarðinn kemur úr Stofnun ársins, úr afstöðu til fullyrðingarinnar „Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna.“ Markmið skólans er að vera á pari við eða hærri en aðrir framhalds- og háskólar. Það markmið náðist ekki í ár þar sem skor skólans er 4,30 en meðaltal framhalds- og háskóla er 4,55 á fimm punkta kvarða sem Stofnun ársins byggir á.



Mynd 5: Afstaða til fullyrðingarinnar: „Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna“

Ýmis fleiri markmið hafa verið sett fram í jafnréttisáætlun skólans og hafa aðgerðir/verkpættir verið skilgeindir sem og mælikvarðar. Hér á eftir má sjá stöðu skólans gagnvart þessum mælikvörðum á skólaárinu 2022 – 2023.

Til að fylgja eftir jafnlaunamarkmiðum sínum rekur skólinn vottað jafnlaunakerfi, ýmiss konar rýni fer fram á ári hverju og unnið að sífelldum umbótum eftir því sem þörf krefur. Eitt af markmiðum jafnlaunakerfis er að viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara feli ekki í sér kynjamismun. Til að ná þessu markmiði er lögð áhersla á að vinna gegn óútskýrðum launamun með árlegum launagreiningum og rýningu greininganna auk innri úttekta. Í launagreiningu fyrir tímabilið 01.06.2022 – 31.05.2023 mældist ekki launamunur sem ekki var hægt að útskýra á milli sömu eða jafn verðmætra starfa. Engu að síður voru eitt starf sem sýndi neikvætt frávík yfir 10% og var í fljótu bragði ekki hægt að finna málefnalega skýringu. Í þetta þarf að rýna nánar á komandi skólaári, m.a. í mati starfsins í starfaflokkun en einnig að horfa til þess hvort kjarasamningar séu þarna orsakavaldur.

Kynjahlutföll í stjórnun eru í dag í nokkuð góðu samræmi við kynjahlutföll í skólanum almennt en í fag- og verkefnastjórn hallar enn á karla. Æskilegt er að vinna áfram að því að reyna að jafna betur kynjahlutföll eins og mögulegt er samhliða því að gæta að hæfni þeirra einstaklinga sem ráðast í störf.

Ýmis fleiri markmið hafa verið sett sem skoða má betur í *Töflu 6-14* hér á eftir.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

**Menntaskólinn við Sund hlaut jafnlaunavottun
við lok skólaársins 2021-2022**

Jafnlaunakerfi

Staða gagnvart mælikvörðum

Í Töflum 6-14 hér á eftir má sjá heildar yfirlit yfir stöðu markmiða jafnlaunakerfis

Menntaskólans við Sund gagnvart mælikvörðum.

Markmið Menntaskólans við Sund um launajafnrétti (sbr. 18. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)

Markmið	Aðgerð/ verk- þáttur	Áb. aðili og tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Jafnlauna- markmið MS er að starfsfólk fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	Rekstur vottaðs jafnlauna- kerfis byggt á jafnlauna- staðlinum ÍST 85:2012, sbr. lög nr. 56/2017.	Konrektor Júní ár hvert (ytri úttekt)	Að MS haldi jafnlaunavottun en ytri úttektir jafnlaunakerfs skólans fara fram árlega.	Vottað jafnlaunakerfi frá júní 2022. Viðhaldsúttekt tímasett 22.06.2023.	14.06. 2023
	Framkvæma launagreinin- ingar skv. VKL-401 Launa- greining og vöktun.	Konrektor Við lok hvers skólaárs	Að launagreining hafi farið fram áður en skrifstofa skólans lokar fyrir sumarleyfi.	Launagreining framkvæmd fyrir árið 2023 (laun frá 01.06.22-31.05.23) - sjá GAT-028 frá júní 2023 og í Emblu.	08.06. 2023
	Rýna launa- greiningar og bregðast við frávikum skv. VKL-402 Frábrigði, útbætur og forvarnir.	Konrektor Við lok hvers skólaárs	Að rýning launagreiningar fari fram og skráning á niðurstöðum hennar í GAT- 028 Launagreining - úrvinnsla á niðurstöðum - sýni að óútskýrður launamunur eigi sér ekki stað.	Við úrvinnslu á niðurstöðum launagreiningar kom fram að rýna þarf flokkun (verðmat) eins starfsheitis og fylgjast með áframhaldandi þróun þess út frá launapróun í kjarasamningum (BHM)- sjá GAT- 028 frá júní 2023	14.06. 2023

<p>Jafnlauna- markmið MS er að starfsfólk fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.</p>	<p>Leiðréttingar á launaröðun komi í ljós að röðun sé röng.</p>	<p>Konrektor þegar þörf krefur</p>	<p>Að búið sé að staðfesta allar leiðréttingar skólaárs í Planner áður en skrifstofa skólans lokar fyrir sumarleyfi.</p>			
	<p>Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlauna- kerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni.</p>	<p>Konrektor í upphafi hvers skólaárs</p>	<p>Að kynning jafnlaunakerfis fari fram árlega.</p>	<p>Kynning fór fram á starfsfólksfundi 22.08.2022 (skyldumæting alls starfsfólks á fundinum).</p>		
			<p>Að 80%+ af starfsfólki skólans telji sig upplýst um jafnlaunakerfi skólans.</p>	<p>Vel: 35% Hvorki né: 55% Illa: 10%</p>		
	<p>Gera vinnu- skýrslur, upplýsa kennara, staðfesta og óska eftir staðfestingu.</p>	<p>Konrektor Upphaf hverrar annar</p>	<p>Hlutfall vinnuskýrslna staðfestar af konrektor í INNU.</p>	<p>HA22: 100% VE22-23: 100% VO23: 100%</p>		<p>14.06. 2023</p>
			<p>Fjöldi vinnuskýrslna staðfestar af kennara í INNU.</p>	<p>HA22: 89,3% VE22-23: 90% VO23: 89%</p>		

Tafla 6: Staða mælikvarða gagnvart jafnlaunamarkmiðum MS



Markmið Menntaskólans við Sund um jöfn tækifæri til starfa og framgangs í starfi óháð kyni (sbr. 19. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)

Markmið	Aðgerð/ verkpáttur	Áb. aðili og tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Starfsfólk óháð kyni hafi jafna möguleika á störfum og stöðu- hækkunum við skólann, að teknu tilliti til þess að jafna þurfi kynjahlutfallið í starfsmanna- hópnum og meðal stjórnenda.	Ráða einstaklinga af því kyni sem hallar á sækni tveir jafn hæfir einstaklingar um starf við skólann.	Rektor Alltaf	Jöfn kynjahlutföll í yfirstjórn	KK: 25% KVK: 75%	14.06.2023
			Jöfn kynjahlutverk í fagstjórn	KK: 12,5% KVK: 87,5%	
			Jöfn kynjahlutföll í kennslu	KK: 30,2 KVK: 69,8%	
			Jöfn kynjahlutföll á þjónustusviði	KK: 35,7% KVK: 64,3%	
	Í starfsauglýsingu skulu öll kyn hvött til að sækja um viðkomandi starf og tekið fram að við ráðningar sé tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.	Rektor Alltaf	Að upplýsingarnar komi fram í öllum starfsauglýsingum.	100% auglýsinga innihalda textann.	14.06.2023
	Tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllu starfsfólki óháð kyni.	Kon- rektor Alltaf	Jöfn kynjahlutföll í aðsókn starfsfólks að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun í boði skólans.	Hlutföll taka mið af kynjahlutföllum starfsfólks: <u>Smærri námskeið og fræðsla</u> KK: Aðsókn í 5,1 viðburð að meðaltali KVK: Aðsókn í 5,0 viðburð að meðaltali	14.06.2023

					<p><u>Starfenda- rannsóknir og leiðsagnarnám:</u> KK: 8,3% í báðum hópum, 16,6% í LSN hópi, 8,3% í SR hópi KVK: 4,2% í báðum hópum, 16,6% í LSN hópi, 10,4% í SR hópi</p> <p><u>Starfsþróun erlendis:</u> KK: 45,8% KVK: 62,5%</p> <p><u>Önnur sí- og endurmenntun:</u> KK: 45,8% KVK: 56,3%</p>
--	--	--	--	--	--

Tafla 7: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum MS um jöfn tækifæri til starfa og framgangs í starfi óháð kyni

Markmið Menntaskólans við Sund um launajafnrétti (sbr. 18. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)

Markmið	Aðgerð/ verkpáttur	Áb. aðili og tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Starfsfólk geti samræmt starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu.	Kennarar stýra tíma- og staðsetningu undirbúningsvinnu.	Rektor Alltaf	Að ekki sé gerð krafa um viðveru kennara í skólanum í undirbúnings-tíma þeirra.	Er frjálst	14.06. 2023
	Tekið tillit til töfluóska kennara ef mögulegt er.	NoN Fyrir stunda-töflugerð	Að kallað sé eftir óskum kennarar um stundatöflur og orðið við þeim ef mögulegt er.	Er gert	14.06. 2023
	Annað starfsfólk nýtur betri vinnutíma.	Rektor Alltaf	Að allt starfsfólk þjónustusviðs geti nýtt sér betri vinnutíma.	Öllum býðst „full stytting.“ 91,7% þjónustusviðs nýtir það en 0% yfirstjórnar.	14.06. 2023

Starfsfólk geti samræmt starfs-skyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu.	Skipulag skóladagatala taki tillit til þarfa fjölskyldufólks.	Rektor Mars/ apríl ár hvert	Að haustfrí og/eða matsdagar séu í skóladagatali MS þegar vetrarfrí eru í skólum Reykjavíkurborgar.	Er gert.	14.06.2023
	Fjölskyldu-ábyrgð ógni ekki starfs-öruggi.	Rektor Alltaf	Að rök á bak við uppsagnir sýni að til þeirra komi ekki vegna fjölskyldu-ábyrgðar.	Ein uppsögn innan skólaárs, rökstuðn. um skipulags.br. vegna þarfa nemenda og lögverndunar starfa.	14.06.2023
Starfsfólk óháð kyni nýti rétt sinn til fæðinga- og for-eldra orlofs.	Kynna fyrir verðandi foreldrum réttindi sín og skyldur.	Rektor Eftir þörfum	Að verðandi foreldrum í hópi starfsfólks séu kynnt réttindi sín og skyldur.	Er gert.	14.06.2023
Fundarhöld séu á dagvinnu-tíma.	Fundir skulu skipulagðir á dagvinnutíma nema aðstæður krefjist annars.	Rektor Eftir þörfum	Að fundir séu ekki skráðir utan dagvinnutíma í „Víkuna framundan“ nema í undan-tekningar tilvikum þegar verið er að funda með foreldra-félagi/ráði.	Er fylgt, fundir ekki utan dagvinnutíma nema þegar ná þarf til aðstandenda.	14.06.2023
Yfirvinnu er stillt í hóf.	Ekki skal þrýst á starfsfolk að taka að sér yfirvinnu en að teknu tilliti til hæfnikrafa verkefna skal þó öllu starfsfólki bjóðast yfirvinna til jafns sé hún til staðar.	Rektor Eftir þörfum	Að gerð sé könnun á meðal starfsfólks í byrjun skólaárs um hverjir kjósi að taka að sér tilfallandi yfirvinnu.	Könnun var framkvæmd, dregið úr yfirvinnu þegar þess var óskað.	14.06.2023

Fjölskyldu-meðlimir hvattir til að kynnast vinnustaðnum.	Makar hvattir til að taka þátt í skemmtunum / viðburðum á vegum skólans.	Rektor Alltaf	Hlutfall viðburða á vegum skólans þar sem makar eru boðnir sérstaklega velkomnir.	Nýtt markmið, staða verður tekin í júní 2024.	----
	Börn velkomin á vinnustað starfsfólks þegar leik- og/eða grunnskólar loka tímabundið.	Rektor Alltaf	Að starfsfólki sé heimilt að taka börn sín með í vinnuna þegar leik- og grunnskólar eru lokaðir.	Er gert. Mætti þó kynna betur, t.d. í starfsmannastefnu.	14.06.2023

Tafla 8: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum MS um af starfsfólk geti samræmt starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu

Menntaskólans við Sund hefur sett sér EKKO stefnu og er einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi ekki liðið (sbr. 14. og 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)

Markmið	Aðgerð/verkþáttur	Áb. aðili og tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi er ekki liðið í skólanum. Því eru fyrirbyggjandi aðgerðir og fyrirfram ákveðin viðbrögð nauðsynleg	Verklag skilgreint, eftir því unnið og það uppfært eftir þörfum.	Rektor Alltaf	Að skráningar sýni að unnið sé í samræmi við EKKO ferla skólans þegar slík mál koma upp.	Staðfest í skráningum á samvinnusvæði starfsfólks sem sinnir EKKO málum (í Teams).	14.06.2023

Auka þekkingu á klám-væðingu, einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi.	Fræðsla fyrir starfsfólk	Rektor Á hverju skólaári	Að fræðsla fari fram árlega	Fræðsla 12.10.2022. „Skólastofan með kynjagleraugum.“	14.06. 2023
	Fræðsla fyrir nemendur	Jafnréttisfulltrúi Á hverju skólaári	Að fræðsla fari fram árlega	Fræðsla í maí 2023: „Stafrænt kynferðisofbeldi.“ Fræðsla á vetrarönn í Krossgötum 2.	14.06. 2023
Starfsfólk og nemendur sé upplýst um viðbrögð skólans í EKKO málum.	Kynning fyrir starfsfólk	Konrektor Kynning í upphafi skólaárs	Að kynning fari fram árlega	Ferlar nýir, kynntir í Vikulokum í janúar 2023.	14.06. 2023
	Kynning fyrir nemendur	Jafnréttisfulltrúi Kynning í upphafi skólaárs	Að kynning fari fram árlega	Ferlar nýir, kynntir í Holti, fréttabréfi og á samfélagsmiðlum skólans í janúar 2023.	14.06. 2023

Tafla 9: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum MS um að líða ekki einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi.



Í Menntaskólanum við Sund skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)

Markmið	Aðgerð/ verkpáttur	Áb. aðili og tími	Mæli- kvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Nemendur njóti jafnréttis og kynjafræðslu og þeir undirbúnir undir jafna þátttöku í lýðræðis-samfélagi.	Nemendur fá í Krossgötum jafnréttis- og kynjafræðslu þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalimyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.	Ráðgjafi/ ráðgjafar sem sinna Kross- götum Að allir nemendur sæki áfangann Krossgötur.	Að allir nemendur sæki áfangann Krossgötur.	Allir nýnemar innritaðir í Krossgötur 1, 2 og 3 á fyrsta námsári.	14.06. 2023
	Allir nemendur á stúdentsbrautum sæki áfangann FÉLA2ES05 þar sem þeir kynnast félagslegum þáttum sem stýra hugsun og athöfnum einstaklinga innan samfélagsins. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið.	NoN Á 1.-2. námsári nemenda	Að allir nemendur á stúdents- brautum sæki áfangann FÉLA2ES05.	Allir nemendur á stúdentsbrautum sækja áfangann FÉLA2ES05 eða sambærilegan áfanga komi þeir úr öðrum frh. skólum.	14.06. 2023
	Að allir nemendur á starfsbraut fái markvissa jafnréttis- og kynjafræðslu.	Brautarstj. STBR Á öllum öllum	Samantekt brautarstjóra starfsbrautar	Er gert, sinnt af brautarstjóra, hjúkrunarfræðingi og náms- og starfsráðgjafa.	14.06. 2023
	Jafnréttisvika í MS.	Jafnréttis- fulltrúi Á hverju skólári	Að jafnréttisvika sé haldin árlega.	Jafnréttisvika var haldið á skólaárinu.	14.06. 2023

Tafla 10: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum MS um að nemendur njóti jafnréttis- og kynjafræðslu og þeir undirbúnir undir jafna þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Í Menntaskólanum við Sund skulu öll kennslu- og námsgögn þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)

Markmið	Aðgerð/verkþáttur	Áb. aðili og tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Að námsgögn mismuni ekki eftir kynjum.	Við val á námsefni sé jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi.	Fagstjórar Í upphafi hverrar annar.	Að allar námsáætlanir séu rýndar af fagstjóra og viðkomandi kennara og sú rýning staðfest.	Vorönn 2023: 94 áfangar kenndir á stúdentsbr.: - 94,7% námsáætl. skilað - 94,7% með staðf. rýni fagstjóra - 86,2% með staðf. rýni kennara	14.06.2023

Tafla 11: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum MS um að námsgögn mismuni ekki eftir kynjum.

Í Menntaskólanum við Sund skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)

Markmið	Aðgerð/verkþáttur	Áb. aðili og tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf varðandi nám og störf óháð kyni.	Nemendur fá fræðslu um náms- og starfsval og þar m.a. horft til kynja-sjónarmiða.	Náms- og starfsráðgjafar Formlega á fyrsta og þriðja skólaári nemenda í hópráðgjöf. Oformlega - alltaf	Að allar námsáætlanir séu rýndar af fagstjóra og viðkomandi kennara og sú rýning staðfest.	Vorönn 2023: 94 áfangar kenndir á stúdentsbr.: - 94,7% námsáætl. skilað - 94,7% með staðf. rýni fagstjóra - 86,2% með staðf. rýni kennara	14.06.2023

Tafla 12: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum MS um að nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf varðandi nám og störf óháð kyni.

Í Menntaskólanum við Sund skal kynja- og jafnréttisjónarmiða gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)

Markmið	Aðgerð/ verkpáttur	Áb. aðili og tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Samþættingar kynja og jafnréttisjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- starfinu.	Þess verði gætt að fulltrúar allra kynja, eins og við verður komið, komi að stefnumótun og áætlanagerð svo sem þegar unnið er við skólanámskrá, við gæðastjórnun, jafnlaunakerfi og innra mat. Með þessu verði tryggt að sjónarmið allra kynja endurspeglit í stefnumótun og áætlanagerð skólans.	Rektor Við alla vinnu við stefnumótun og áætlanagerð.	Aðkoma kynja að eftirfarandi á skólaárinu greind: *Stefnu- og áætlanagerð *Gæðastjórnun og jafnlaunakerfi * Innra mat	Fjöldi kk./kvk. með aðkomu að eftirfarandi: EKKO stefna: - Starfsfólk: - 2 kk., 8 kvk. - Nemendur: - 4 kvk. Gæðaráð: - 2 kk., 4 kvk. Innra mat: - 2 kk., 4 kvk.	14.06. 2023

Tafla 13: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum MS um að samþættingar kynja- og jafnréttisjónarmiða sé gætt við stefnumótun og áætlanagerð.

Í Menntaskólanum við Sund skal tryggja rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt (3. gr. laga nr. 80/2019)

Markmið	Aðgerð/ verkpáttur	Áb. aðili og tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)
Að tryggja rétt nemenda og starfsfólks til að skilgreina kyn sitt.	Nemendur geti skilgreint kyn sitt í INNU og leiðbeiningar um skráningu sé til staðar.	Konrektor Alltaf	Að leiðbeiningar séu til staðar í INNU.	Eru til staðar.	14.06. 2023
			Að opið sé fyrir skráningu kyns í INNU.	Er virkt.	
	Nemendur og starfsfólk geti fengið breytingu á skráningu nafns síns í INNU og Office aðgangi sínum hjá skólanum óháð skráningu nafns í Þjóðskrá.	Konrektor þegar þörf krefur	Að brugðist sé við óskum um breytingu á skráningu nafns í INNU og Office.	Er gert.	

Tafla 14: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum MS um að tryggja rétt nemenda og starfsfólks til að skilgreina kyn sitt.

Árangur jafnlaunakerfis

Á árlegum rýnifundi stjórnenda Menntaskólans við Sund er tekin afstaða til þess hvort jafnlaunakerfið:

- Henti áfram
- Sé fullnægjandi
- Sé virkt

Árlegur rýnifundur fór fram þann 15. júní 2023 var niðurstaðan sú að kerfið henti áfram enda er það aðlagð jafnt og þétt í samræmi við ábendingar, athugasemdir og kvartanir en litið er á alla þessa þætti sem tækifæri til umbóta.

Kerfið er fullnægjandi og virkt sem slíkt og er það tryggt með virkum innri og ytri úttektum og skipulögðum viðbrögðum í kjölfarið þegar og ef þörf krefur.



Rekstur, húsnæði og skipulag; markmið og mælikvarðar

Í Menntaskólanum við Sund er lögð áhersla á að nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og halda kostnaði í lágmarki. Til að ná þessum markmiðum er góðu skipulagi haldið í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum (hópastærðir). Hvað aðbúnað og húsnæði varðar þá vinnur yfirstjórn skólans með Eignaumsýslu ríkisins – ríkiseignum að þróun skólans varðandi húsnæði og aðbúnað. Á skólaárinu 2022 – 2023 hefur skólinn þurft að takast á við mikinn húsnæðisvanda í kjölfar þess að mikill raki og mygla greindist á svæðum í skólanum vegna handvamar í nýbyggingu og skorts á viðhaldi.

Yfirlit yfir stöðu mælikvarða

Í *Töflu 15* hér á eftir má sjá heildar yfirlit yfir stöðu markmiða Menntaskólans við Sund gagnvart mælikvörðum um húsnæði, rekstur og skipulag.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að rekstur skólans sé í samræmi við fjárheimildir og innan 4% skekkjumarka.	Vandaðar rekstraráætlanir og gripið til aðgerða sýni áætlanir þörf fyrir hagræðingu.	Að rekstur skólans sé innan fjárheimilda á hverju rekstrarári.	Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var -0,12% (halli).	09.06. 2023
		Að uppsafnaður rekstrarhagnaður eða rekstrarhalli sé innan við 4% fjárheimilda.	Hlutfallsleg rekstrarniðurstaða (uppsafnað) var -1,82% (halli)	09.06. 2023
Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.	Nákvæm skipulagning hvers skólaárs með tilliti til kennsluþarfar og fjölda námshópa í hverjum áfanga.	Að meðalnýting á námshópum sé yfir 90%	HA 21 15 nem. hópar – 92% 25 nem. hópar – 85% VE 21-22 15 nem. hópar – 100% 25 nem. hópar – 64% VO 22 15 nem. hópar – 54% 25 nem. hópar – 67%	08.06. 2023

<p>Markvisst unnið að endurnýjun tækja og búnaðar.</p>	<p>Jafnvægi haldið í umfangsmiklum rekstrarþáttum eins og launum og öðrum rekstri til að svigrúm gefist til endurnýjunar.</p>	<p>Að fjárfestingarframlag skólans fari til endurnýjunar tækja og búnaðar.</p>	<p>Á árinu 2022 var öllu fjárfestingarframlagi skólans varið í endurnýjun tækja og búnaðar.</p>	<p>08.06.2023</p>
<p>Starfsmannahald sé innan rekstrarheimilda og mannauður sé í samræmi við kröfur um menntun og hæfni.</p>	<p>Að jafnvægi sé haldið gagnvart mannauðspörf skólans.</p>	<p>Hlutfall yfirvinnu af heildar launakostnaði skólans verði undir 10%.</p>	<p>Á árinu 2022 var hlutfall yfirvinnu af heildar launakostnaði skólans 14,2%.</p>	<p>08.06.2023</p>
	<p>Að unnið sé í samræmi við verklagsreglur um frammistöðu, hæfni og þjálfun starfsmanna.</p>	<p>Innri úttektir sýni að unnið sé í samræmi við VKL-204 Frammistaða, hæfni og þjálfun.</p>	<p>Unnið er í samræmi við VKL-204. Umbótatækifæri til staðar en engin frávik í innri úttekt.</p>	<p>08.06.2023</p>
<p>Að skólinn starfi eftir vottuðu jafnlaunakerfi samkvæmt jafnlauna-staðli ÍST 85:2012.</p>	<p>Innleiðing og rekstur jafnlaunakerfis.</p>	<p>Að skólinn hljóti og viðhaldi jafnlaunavottun skv. ÍST 85:2012.</p>	<p>Skólinn er með vottað jafnlaunakerfi og fer fyrsta viðhaldsúttekt fram 22.06.2023</p>	<p>08.06.2023</p>

Tafla 15: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum um rekstur, húsnæði og skipulag



Rýni stjórnenda og aðgerðir

Rýni stjórnenda fer fram í júní ár hvert. Þar er farið yfir stöðu umbóta, úrbóta og forvarna frá fyrri rýni og nýjar aðgerðir skilgreindar.

Staða aðgerða frá fyrri rýni stjórnenda

Rýni stjórnenda fyrir skólaárið 2021 - 2022 fór fram í júní 2022. Á aðgerðarlista fyrir skólaárið 2022 - 2023 voru ýmis verkefni og má hér sjá framgang þeirra:

Innri úttektir:

Eftirfylgni með innri úttektum var eflt, lokið við fyrsta úttektarhring í samræmi við skipulag (GÁT-018) og þróað lærdómssamfélag úttektaraðila. Unnið var að öllum þessum verkefnum og á vorönn hófst úttektarhringur nr. 2. Allt verkferli í kringum úttektirnar var einfaldað og gert skilvirkara, m.a. með eftirfylgni í Planner (Office 365). Gæðastjóri og innri úttektaraðilar vinna saman að undirbúningi úttekta með það að markmiði að bæta úttektir og veita jafningjastuðning. Innri úttektir sem tengjast verklagsreglum sem ekki eru hluti af kröfum jafnlaunastaðals hafa setið á hakanum enn sem komið er.

Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum:

Virkjaður var möguleiki til ábendinga og kvartana með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu skólans. Áhersla var lögð á að halda betur utan um þátttöku í mati af ýmsum toga og náðist góður árangur gagnvart kennslukönnun, framhaldsskólapúlsinum og rýnihópaviðtali við nemendur. Þátttaka var enn frekar dræm í Stofnun ársins og þarf því að vinna áfram að því markmiði. SVÓT greining á niðurstöðum var framkvæmd sem gaf skýrari mynd gagnvart niðurstöðum eins og áætlað var. Starfsmannasamtöl voru enn eflid og náðist að ljúka fyrsta viðtalshring að mestu leyti og hófst hringur tvö á vorönn. Ánægja er með starfsmannasamtölin á meðal starfsfólks og hafa þau gefið góða raun. Ætlunin var að halda áfram að efla endurmenntunaráætlun en það markmið sat á hakanum þrátt fyrir að öflug endur- og símenntun hafi verið í gangi á árinu án þess. Ætlunin var að gera þjónustukönnun í tengslum við Krossgötuáfangana en ákveðið var að bíða með það til haustsins þar sem æskilegt er að meta móttöku og stuðning við nýnema undir lok fyrsta áfangans.

Frammistaða ferla, samræmi vöru:

Ætlunin var að skrásetja með markvissari hætti frammistöðu ferla yfir skólaárið (námsárangur, skólasókn o.fl.) og skrifa leiðbeiningar um úrvinnslu gagna til að tryggja að útreikningar væru gerðir með sambærilegum hætti á milli ára. Ekki náðist að ljúka þessu til fulls og þarf því að halda verkinu áfram á komandi skólaári.

Skerpt var á námskeiði fyrir nýtt starfsfólk en enn er ekki unnið nógu vel skv. gátlista um móttöku starfsfólks og eru þetta verkefni sem þarf að vinna áfram að. Einnig þarf að flétta skráningar í hæfnimatrixu betur inn í verklagið og að sama skapi nýta starfsmannasamtöl til að afla upplýsinga fyrir hæfnimatrixur gagnvart starfsfólki sem þegar er með ráðningarsamband við stofnunina.

Ritun starfslýsinga hélt áfram á skólaárinu en ekki tókst þó að ljúka verkefninu til fulls og þarf því að halda áfram á komandi skólaári auk þess sem starfslýsingar eru ekki meitlaðar í stein og þurfa því reglulegrar endurskoðunar við.

Jafnlaunakerfið náði nokkurri slípun á skólaárinu og fer viðhaldsúttekt fram þann 22. júní nk. Nokkuð hægði á innleiðingu gæðastjórnunarkerfis en mikilvægt er að tekin verði afdráttarlaus ákvörðun um hvert skuli stefna í þeim efnum.

Úrbætur:

Ætlunin var að flétta Græn skref í ríkisrekstri inn í annað gæðastarf skólans (Rekstrarhandbók) en ekki tókst að sinna því verkefni. Það er þó mikilvægt þar sem verkefnið þarf sams konar ferli og annað gæðafæri með stöðugum umbótum sem umhverfisstjórnunarkerfi skólans. Með því að flétta það við önnur ferli verður vinnan skilvirkari.

Skerpt var á ritun fundargerða sem og aðgengi að þeim og skjölun og birtast fundargerðir nú starfsfólki alla jafna í sömu viku og fundur fer fram. Á þetta við um fundargerðir stjórnendafunda, gæðaráðsfunda, skólanefndarfunda, skólaráðsfunda, kennarafunda, starfsfólksfunda, fagstjórafunda og skólaafunda.

Leiðsagnarnám var eflt innan skólans með ráðningu verkefnisstjóra og stofnun verkefnishóps. Eyðublöð í tengslum við innri úttektir voru þróuð og einfölduð sem og miðlun niðurstaðna úr innri úttektum og eftirfylgni frávikum/athugasemda. Var þetta m.a. gert með verkefnisstjórnunarforritinu Planner. Voru skráningar á frávikum, athugasemdum, kvörtunum og tækifærum til umbóta einnig bættar með sama hætti.

Lokið var við hönnun rafrænnar starfsmannahandbókar (Sharepoint) og henni komið í virkni snemma á skólaárinu.

Ytri kröfur (þ.m.t. jafnlaunakerfi):

Að beiðni Mennta- og barnamálaráðuneytis var starfsbraut stofnuð við upphaf skólaársins og er ritun og uppbygging brautar unnin samhliða rekstri hennar.

Kynning jafnlaunakerfis hófst og árangur kynningar metinn. Starfaflokkun var yfirfarin í tilvikum þar sem ekki var hægt að finna málefnalegar skýringar á frávikum umfram +10%/-10%. Einnig var ætlunin að bæta persónubundnum þáttum inn í launagreiningar í Emblu en ekki tókst að ljúka því markmiði. Forsenda þess er endurskoðun stofnanasamnings MS við Sameyki sem mikilvægt er að koma í ferli sem allra fyrst. Allar stöður innan skólans voru auglýstar með það að leiðarljósi að höfða til allra kynja, bæði stöður sem auglýstar voru opinberlega sem og sérverkefni sem auglýst voru innan skólans.

Ætlunin var að fullvinna vinnulýsingu **VNL-003 Persónuvernd og upplýsingaöryggi - lýsingar öryggisráðstafana** en ekki tókst að ljúka því verkefni.

Breytingar sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið:

Kennsla hófst á lítt breyttum námsbrautum til stúdentsprófs á skólaárinu. Ætlunin var að setja breytingarnar í samþykktarferli við upphaf skólaársins en niðurstaða samtals við MMS var að þess þyrfti ekki nauðsynlega. Finna þarf leið til að koma breytingunum í farveg.

Innleiðing á notkun fleiri mannauðskerfa ríkisins hófst með því að tekið var í notkun ráðningakerfi í Orra og er þar nú haldið utan um atvinnuauglýsingar og umsóknir. Ráðningarkerfið býður upp á fleiri þætti sem ekki hafa verið innleiddir enn sem komið er (flokkun og úrvinnsla umsókna, gerð ráðningarsamnings o.fl.).

Ætlunin var að ná frekari samlegð milli stjórnunarkerfa skólans með því að samþætta markmið í stefnumótun ríkisaðila og grænum skrefum inn í Rekstrarhandbók skólans en því tókst ekki að ljúka. Verkerlar í persónuverndar- og upplýsingaöryggismálum voru hins vegar samþættir Rekstrarhandbók.

Jafnlaunamarkmið voru endurskoðuð samhliða endurskoðun jafnréttisáætlunar og vinna þessir þættir nú vel saman.

Tillögur um umbætur:

Ætlunin var að auka samstarf við foreldraráð og fjölga virkum aðilum úr hópi foreldra. Samstarfið á skólaárinu var gott en enn vantar upp á fjölda virkra aðila þrátt fyrir að ítrekað sé reynt að ná til foreldra. Verður því að vinna áfram að þessu verkefni.

Verkerlar í tengslum við eftirfylgni með mætingu nemenda voru bættir en mætingastjórn var færð inn á borð kennslustjóra við upphaf skólaársins.

Innleiðing „betri vinnutíma“ fyrir náms- og starfsráðgjafa var framkvæmd við upphaf skólaárs og fóru þeir allir í „fulla styttingu.“ Gagnvart félagsfólki FS er verkefnið enn í mótun. Framkvæmd „betri vinnutíma“ er skipulögð frá ári til árs.

Tillögur um auðlindir:

Unnið var markvisst að eflingu starfsánægju með námskeiðahaldi, jafningjafræðslu og námsferðum og voru m.a. Menntabúðir í MS festar enn frekar í sessi auk þess sem þróuð var mjög markviss umgjörð utan um starfsþróun kennara í tengslum við innleiðingu leiðsagnarnáms.

Umsjón og móttaka nýnema var eflid til muna með innleiðingu á Krossgötum og verður það verkefni í mikilli þróun áfram á komandi ári, m.a. í gegnum starfendarannsóknir og Sprotasjóðsverkefni.

Þróun nemendabjónustu og skilvirkra vinnubragða í tengslum við þjónustuna var á mjög góðu róli í vetur og búið að þróa skilvirkara samstarf og upplýsingaflæði með markvissum, vikulegum fundum.

Mikil þróun var á jafnlaunakerfinu á skólaárinu en þróun annarra stjórnkerfa sat meira á hakanum.

Endurskoðun áfanga sem hófst á síðasta skólaári lauk en þar sem miklar ógnanir eru í umhverfinu varðandi framtíð skólans hefur hægt á frekari vinnu við endurskoðun áfanga og námsbrauta.

Ekki tókst að fylgja eftir námskeiði um innri áhugahvöt og viðhorf til viðfangsefna með þeim hætti sem ætlunin var. Verkefnið þróaðist þó yfir í áherslu á samskipti og hófst ritun samskiptasáttmála starfsfólks.



Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Eins og sjá má hér að framan voru mörg atriði sem sett voru á aðgerðarlista stjórnenda fyrir skólaárið 2022 - 2023 og flestum þeirra er lokið að fullu. Önnur munu teygja sig fram á næsta skólaár og enn önnur eru langtímaverkefni sem verða líklega alltaf á aðgerðalista. Þessi atriði verða aftur sett inn á aðgerðalista stjórnenda (sjá nýjan aðgerðalista hér aftar í skýrslunni) og tímasett að nýju í verkefnisstjórnunarkerfi.



Staða forvarna og úrbóta

Stöðugt er unnið að forvörnum og úrbótum innan skólans er varða nemendur, starfsfólk, náms- og námsframboð, rekstrarþætti, launajafnrétti og jafnréttismál sem og viðhald og endurnýjun á búnaði. Á skólaárinu 2022 – 2023 hefur verið unnið að eftirfarandi forvörnum og úrbótum:

- Í MS er sterk hefð fyrir öflugri starfsþróun. Í Covid hægði á formlega starfinu en í vetur tókst að efla starfsemina að nýju.
- Verkefnastjórn um leiðsagnarnám stofnuð sem og starfshópur kennara um innleiðingu þess.
- Starfendarannsóknir náðu frekari útbreiðslu meðal starfsfólks með auknu þverfaglegu samstarfi, þátttöku í menntabúðum og samstarfi við starfshóp um leiðsagnarnám.
- Hlutverk forvarnafulltrúa eftt (aukið umfang)
- Krossgötur hófu göngu sína þar sem móttaka, stuðningur og fræðsla nýnema var stórefld í gegnum hópráðgjöf náms- og starfsráðgjafa.
- Áframhaldandi áhersla á jafnrétti og nemendalýðræði í gegnum Sprotasjóðsverkefni, m.a. var stjórnlagaping SMS fest í sessi.
- Stofnun undirnefnda í SMS sem bætir aðgengi nemenda að félagslífinu. Markmiðið með þessu er aukin inngilding.
- Starfsbraut stofnuð við skólann.
- Bætt þjónusta varðandi töflubreytingar.
- EKKO stefna rituð sem og verkferlar og EKKO mál meðhöndluð í samræmi við ferla.
- Tilkyrningahnappur virkjaður á heimasíðu skólans.
- Rafræn starfsmannahandbók tekin í notkun.
- Aukin upplýsingagjöf til nemenda og aðstandenda með notkun fleiri miðla, s.s. með reglulegum fréttabréfum og Instagram.
- Verkferlar varðandi eftirfylgni með mætingu nemenda bættir.
- Rekstrarhandbók tekin í almennari notkun.
- Líffræðiáfangar voru endurritaðir og nýtt skipulag í líffræði lagt upp sem kennt verður samkvæmt á komandi skólaári.
- Menntabúðir MS þróaðar áfram, m.a. með samstarfi við aðra framhaldsskóla.
- Notkun hluta vinnubergja hætt vegna húsasóttar, önnur vinnuherbergi endurskipulögð til að tryggja vinnuástöðu fyrir kennara, minni rafmagnsskrifborð tekin í notkun.
- Hjúkrunarfræðingur tók til starfa.
- Náms- og starfsráðgjöf eflað með auknu starfshlutfalli.
- Innleiðing farsældarlaga.
- Stöðug eftirfylgni með framkvæmdum til að bæta húsnæðisvanda skólans.
- Unnið var áfram að bráðabirgðaviðgerðum á húsnæði skólans.
- Vinna hafin við gerð samskiptasáttmála.
- Skerpt á boðleiðum til að raddir almennra starfsmanna komist frekar til skila til stjórnenda; í gegnum bætt verklag á fundargerðum fagfunda, með rýnihópum starfsfólks og SVÓT greiningum og ýmsum könnunum sem sendar eru út til að kalla eftir afstöðu og vilja starfsfólks.

Breytingar í rekstri MS sem gætu haft áhrif á stjórnunar- kerfið

- 1 Að halda virkri jafnlaunavottun
- 2 Stækkun og áframhaldandi þróun starfsbrautar við skólann
- 3 Endurskoðun námsbrauta
- 4 Aukin skráning verkferla í Rekstrarhandbók
- 5 Tenging umhverfis- og öryggismála (UHÖ-mál) inn í Rekstrarhandbók
- 6 Þróun verkefnisins „betri vinnutími“
- 7 Breytt rekstrarstaða skólans
- 8 Starfsmannavelta og leyfi
- 9 Breytingar á ráðuneytum og nýir ráðherrar með nýjar áherslur
- 10 Áhrif markmiða stjórnvalda um eflingu framhaldsskólans á rekstur skólans og tilvist hans til framtíðar



Mat á ytri þáttum / áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starfsemi skólans

Til að taka þetta saman á sem skýrastan hátt er hér gerð SVÓT greining þar sem horft er á sterkar hliðar, veikar hliðar, ógnanir og tækifæri sem felast í umhverfi skólans.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar	Ógnanir	Tækifæri
Vel menntað starfsfólk -- Öflug starfspróun -- Sveigjanleiki í námi og námstíma -- Lágt brotthvarf -- Aðsókn í skólann -- Virkt jafnlaunakerfi -- Starfenda-rannsóknir -- Góð aðstaða til listgreina- og verkgreinakennslu -- Sterk skuldbinding og stolt -- Erlend samstarfsverkefni -- Krossgötur -- Öflug umhverfisnefnd -- Sundkútar -- Velliðan nemenda -- Starfsbraut	Raki og mygla í ákveðnum hlutum húsnæðis -- Lokun Loftsteins og nemendaaðstöðu vegna raka og myglu -- Slök raunmæting nemenda -- Skortur á úrræðum fyrir nemendur sem standa höllum fæti í námi -- Langvarandi veikindi starfsfólks -- Skortur á starfsánægju -- Óánægja starfsfólks með starfsaðstöðu -- Mötuneyti og aðgengi að því -- Skuldbinding nemenda til náms og námsáhugi -- Kynjahlutfall starfsfólks og nemenda -- Stafrænt einelti meðal nemenda mælist -- Samskipti innan starfsmannahópsins	Vafi um framtíð skólans -- Erfitt að halda hæfu starfsfólki vegna óvissu um framtíð skólans -- Sameining ólíkra skóla getur dregið úr sveigjanleika sem nemendum býðst í námi í MS -- Verðbólga -- Umtal um hugsanlegar sameiningar sem og húsnæðisvanda skólans getur dregið úr aðsókn og þá jafnframt ógnað fjölbreytni -- Kjarasamningar með stuttan samningstíma -- Skortur á fyrirsjáanleika í fjármagni til framhaldsskóla -- Endurskiplagning Stofnunar X	Lausn á húsnæðismálum á meðan húsnæði skólans er endurgert til fulls -- Efling skólaláþjónustu með nýrri löggjöf -- Áframhaldandi innleiðing farsældarlaga -- Endurskiplagning Stofnunar X -- Samskiptasáttmáli og efling jákvæðra samskipta -- Bæting starfsaðstöðu -- Efling upplýsingatækni

Tillögur um umbætur og auðlindir

Umbætur

- Ný heimasíða til að bæta upplýsingagjöf
- Endurritun áfanga og námsbrauta
- Ná betri tengingu á milli kerfa: Jafnlaunakerfi, gæðakerfi, stefnumótun ríkisaðila, umhverfisstjórnun, persónuvernd og upplýsingaöryggi.
- Halda áfram að efla starfsfólk í að koma til móts við nemendur með fjölbreyttar þarfir.
- Efla forvarnir og taka virkari þátt í verkefnum Heilsueflandi framhaldsskóli.
- Áframhaldandi efling nemendapjónustu.
- Samhæfing og skoða fyrirkomulag námsmats á milli deilda.
- Efla stuðning við félagslíf nemenda.
- Halda áfram að bæta verklag til að koma til móts við langvarandi veikindi nemenda.

Auðlindir

- Mannauður
- Jákvætt viðmót
- Staðsetning skólans
- Sterk hefð fyrir öflugri starfsþróun
- Starfendarannsóknir
- Aðstaða í nýbyggingu (listgreinastofur, raungreinastofur, (mat)salur)
- Íþróttahús
- Lífsgleði nemenda
- Formgerð félagslífs undir faglegri leiðsögn eflir lýðræði og hefðir félagslífsins
- 3ja anna kerfið

Aðgerðalisti

Um miðjan júní 2023 var haldinn rýnifundur stjórnenda sem er hluti af starfrækslu jafnlaunakerfis og innleiðingu gæðakerfis. Á fundinum var farið yfir niðurstöður úr sjálfsmati vetrarins sem varpar ljósi á stöðu skólans gagnvart gæðamælikvörðum, metnir þættir sem geta haft áhrif á stjórnunarkerfið, settar fram tillögur um umbætur og auðlindir skilgreindar. Í kjölfarið var settur fram aðgerðalisti stjórnenda sem sjá má hér, en hann verður svo liður í næstu rýni stjórnenda. Skilgreindir eru ábyrgðaraðilar (konrektor gengir hlutverki gæðastjóra) og tímamörk verkefna sem stýrt er í gegnum verkefnisstjórnunarkerfi.

Aðgerðalisti vegna rýni stjórnenda vor 2023

Atriði	Ábyrgð	Tími (lok)
Innri úttektir		
Virkja innri úttektir gagnvart verklagsreglum utan jafnlaunakerfis	Gæðastjóri	Júní 24
Fjölga úttektaraðilum innan skólans	Gæðastjóri	Des. 23
Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
Halda betur utan um þátttöku starfsmanna í Stofnun ársins	Rektor	Okt. 23
Halda áfram að efla endurmenntunaráætlun	Konrektor	Okt. 23
Bæta framkvæmd þjónustukannana	Gæðastjóri	Okt. 23

Frammistaða ferla, samræmi vöru		
Skrásetja með markvissari hætti frammistöðu ferla yfir skólaárið (námsárangur, skólasókn o.fl.)	Kennslustj.	Júní 24
Skrifa leiðbeiningar um úrvinnslu gagna til að meta árangur nemenda með tilliti til mælikvarða	Kennslustj.	Júní 24
Bæta skráningu í gátlista við móttöku nýrra starfsmanna og eftirfylgni með nýjum starfsmönnum	Konrektor	Júní 24
Ljúka ritun starfslýsinga	Gæðastjóri	Des. 23
Vinna áfram að innleiðingu gæðastjórnunarkerfis	Gæðastjóri	Júní 24
Skrá verklag fyrir utanumhald með námsferlum nemenda	NoN	Mars 24
Skrá verklag fyrir töflugerð	NoN	Mars 24
Skrá verklag fyrir val nemenda	NoN	Mars 24
Skrá verklag fyrir uppsprettur og áætlanir um fjölda hópa næsta árs	NoN	Mars 24
Úrbætur		
Flétta Græn skref í ríkisrekstri inn í annað gæðastarf skólans (Rekstrarhandbók)	Rektor	Júní 24
Skerpa á skráningum í hæfnimatrixu, skrá upplýsingar um þá starfsmenn sem þegar eru í starfi	Konrektor	Júní 24
Efla leiðsagnarnám innan skólans (eftirfylgni verkefnishóps)	Konrektor	Júní 24
Efla stuðning við félagslíf nemenda	Kennslustj.	Júní 24
Ytri kröfur (þ.m.t. jafnlaunakerfi)		
Uppbygging starfsbrautar	Brautarstjóri	Júní 24
Efla kynningu jafnlaunakerfis og meta árangur	Konrektor	Nóv. 23

Fullvinna vinnulýsingu VNL-003 (Persónuvernd og upplýsingaöryggi - lýsingar öryggisráðstafana)	Konrektor	Des. 23
Yfirfara mat starfa skv. rýningu launagreiningar frá 06.23	Konrektor	Okt. 23
Bæta persónubundnum þáttum inn í launagreiningar í Emblu	Konrektor	Júní 24
Auglýsa stöður innan skólans með það að leiðarljósi að höfða til allra kynja	Rektor	Júní 24
Breytingar sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið		
Endurskoðun námsbrauta í INNU	NoN	Ág. 23
Innleiðing mannauðskerfa	Rektor	Júní 24
Samþætting Rekstrarhandbókar, markmiða í stefnumótun ríkisaðila og grænna skrefa í ríkisrekstri	Rektor	Júní 24
Viðhalda jafnlaunavottun	Gæðastjóri	Júní 24
Endurskoðun STS-002 Gildi, stefna, markmið og mælikvarðar	Gæðastjóri	Okt. 23
Tillögur um umbætur		
Auka samstarf við foreldraráð / fjölga virkum aðilum	Kennslustj.	Júní 24
Virkja nýja heimasíðu	Konrektor	Nóv. 23
Endurskoðun „betri vinnutíma“ fyrir þjónustusvið	Rektor	Sept. 22

Tillögur um umbætur		
Efla forvarnir og virkari þátttaka í heilsuefandi framhaldsskóla	Kennslustj.	Des. 23
Samhæfing og skoðun fyrirkomulags námsmats á milli deilda	Konrektor	Júní 24
Áframhaldandi þróun verklags til að koma til móts við langvarandi veikindi nemenda	Kennslustj.	Des. 23
Ljúka ritun starfsmannastefnu	Rektor	Ág. 23
Tillögur um auðlindir		
Vinna með starfsánægju með námskeiðahaldi, jafningjafræðslu og námsferðum	Konrektor	Júní 23
Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi	Konrektor	Júní 23
Áframhaldandi þróun stjórnunarkerfa	Konrektor	Júní 23
Ljúka samskiptasáttmála	Rektor	Sept. 23



Matsáætlun 2023 - 2024

Matsáætlun er gerð að vori fyrir komandi skólaár og má hér sjá matsáætlun MS fyrir skólaárið 2023-2024. Ákveðnir þættir eru fastsettir og eru þeir hluti af sjálfsmati skólans ár hvert. Aðrir þættir geta komið tilfallandi inn, s.s. ýmsar þjónustukannanir. Um flesta þættina gilda ákveðnar verklagsreglur og gátlistar sem vísað er til í töflunni.

Markmiðið með matsáætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri úttektir er að móta gæðahugsun skv. jafnlaunastaðlinum og ISO-9001 staðlinum og ná fram stöðugum umbótum á allri starfsemi Menntaskólans við Sund, þ.e. að starfrækja gæða- og jafnlaunakerfi er vinnur með stöðugar umbætur. Stöðugar umbætur þýða m.a. aukin hagræðing, meiri ánægja hlutaðeigandi, aukin félagsleg vellíðan nemenda og starfsmanna. Tilgangur innra mats og innri úttekta er að vinna að þessu markmiði og sannprófa virkni þess sbr. verklagsreglu VKL-401 Innri úttektir og verklagsreglu VKL-402 Frábrigði, úrbætur og forvarnir.

Nr.	Heiti	Skjöl / ath.	Mánuður														Ábyrgð
			8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7			
1	Kennslukönnun: Könnun meðal nemenda um kennslu, skipulag, samstarf og vinnu í einstökum áföngum og út frá ákveðnum kennurum.	VKL-402			O						F		A				Gæðastjóri
2	Starfsmannasamtöl: Stjórnendateymi tekur starfsmannaviðtal við starfsmenn árlega.	VKL-204 GÁT-017 GÁT-007 GÁT-011 GÁT-012 LSM-001		S		N					F			M			Rektor
3	Þjónustukönnun: • Móttaka og stuðningur við nýnema – framkvæmd í könnun í Krossgötum undir lok haustannar.					N											Gæðastjóri
4	Starfsmannakönnun: Könnun meðal starfsmanna MS um starfsaðstöðu, stjórnendur, samstarf, vellíðan á vinnustað og fl. Innanhúss könnun framkvæmd ef við á – s.s. til að kafa dýpra í könnun ársins eða kanna afmörkuð stofnanatengd atriði.	Könnunin Stofnun ársins í nóvember Innanhúss könnun í maí ef við á				N								M			Stofnun ársins – rektor Innanhússkönnun – gæðastjóri
5	Framhaldsskólupúlsinn: Könnun meðal nemenda MS um líðan, skuldbindingu til náms, tengingum við aðra nemendum o.fl.	Könnunin Framhaldsskólupúlsinn er lögð fyrir á seinni hluta skólaárs											A				Gæðastjóri
6	Rýnihópaviðtöl: Rýnihópaviðtöl eru tekin við hópa nemenda á hverju skólaári og eru viðfangsefni ákveðin af gæðaráði í samvinnu við aðra starfsmenn.	Rýnihópaviðtöl fara fram árlega, á seinni hluta skólaárs.							J								Kennslustjóri

7	Könnun á þekkingu starfsmanna á jafnlaunakerfi: Árlega, við upphaf skólaárs, fer fram kynning á jafnlaunakerfi skólans og niðurstöðum launagreiðingar. Í kjölfarið er lögð fyrir könnun til að kanna þekkingu starfsmanna á kerfinu.	VKL-101 VNL-001		S														Gæðastjóri
8	Rýni á námsáætlunum. Allar námsáætlanir eru rýndar út frá markmiðum viðkomandi áfanga, vinnuskipulagi, auðlindum, aðbúnaði og námsmati. Námsáætlanir eru vistaðar í rekstrarhandbók.	Eftir að skrá verklagið.	Á		N		M											Fagstjórar
9	Vikulegir fundir gæðaráðs Gæðamál eru fastur liður á dagskrá á vikulegum fundum gæðaráðs þar sem farið er yfir frávik, breytingar, niðurstöður úttekta, þörf fyrir frekari úttektir, forvarnir og annað sem til fellur.	Eftir að skrá verklagið.	Á	S	O	N	D	J	F	M	A	M	J					Gæðastjóri
11	Rýni fundur stjórnenda og rýni fundur gæðaráðs/stýrihóps jafnlaunakerfis: Í lok hvers skólaárs fer fram úttekt á jafnlauna- og gæðakerfinu.	VKL-403 GÁT-013 GÁT-016											J					Konrektor
12	Innri og ytri úttektir: Jafnt og þétt yfir árlegan starfstíma skólans eru gerðar innri úttektir sem unnar eru út frá úttektaráætlun gæðaráðs / stýrihóps jafnlaunakerfis. Ytri úttektir jafnlaunakerfis eru framkvæmdar árlega af Versa ehf.	VKL-401 LSM-008 GÁT-017 GÁT-018 GÁT-019 GÁT-020		S	O	N	D	J	F	M	A	M						Gæðastjóri



MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

Niðurlag

Á þessari skýrslu má sjá að í Menntaskólanum við Sund fer fram öflugt mat á skólastarfi sem smám saman teygir anga sína víðar um starfsemina samhliða innleiðingu gæðakerfis og ritunar Rekstrarhandbókar fyrir skólann. Í skólanum er virkt jafnlaunakerfi en samhliða ritun þess hófst ritun gæðakerfis og kortlagning innri og ytri krafa sem fléttast saman í Rekstrarhandbók skólans. Mun þessi vinna halda áfram jafnt og þétt með sífelldar umbætur að leiðarljósi.

